



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 10. janúar 2018

Ákvörðun nr. 2/2018

Kaup Sjávargrundar ehf. á öllu hlutafé í Tandri hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 3. janúar 2018 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning um kaup Sjávargrundar ehf. (Sjávargrund) á öllu hlutafé í Tandri hf. (Tandur). Samkeppniseftirlitið tilkynnti samrunaaðilum þann 8. janúar 2018 að eftirlitið liti svo á að framangreind tilkynning væri fullnægjandi, sbr. reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Í máli þessu er um það að ræða að hinn 1. desember 2017 skrifuðu Sjávarsýn ehf. (Sjávarsýn), fyrir hönd óstofnaðs félags, sem kaupandi og hluthafar í Tandri sem seljendur undir samkomulag um helstu skilmála kaupsamnings á öllu hlutafé í Tandri. Í framhaldi af því var Sjávargrund stofnuð í þeim tilgangi að verða eigandi að öllu hlutafé í Tandri. Hluthafar í Sjávargrund eru Sjávarsýn (80%) og Svangrund ehf. (20%) (Svangrund) sem einnig var stofnað í tengslum við þessi viðskipti og er að jöfnu í eigu tveggja af núverandi hluthöfum Tandurs.

Starfsemi Tandurs felst í innflutningi, framleiðslu, sölu og dreifingu á hreinlætisvörum til fyrirtækja og stofnana um land allt. Starfsemin fer að mestu leyti fram á starfsstöð félagsins að Hesthálsi 12 í Reykjavík, en vörur félagsins eru einnig seldar hjá umboðsaðilum á landsbyggðinni, auk þess sem sölumenn Tandurs ferðast um landið til þess að afla viðskipta. Þá annast félagið dreifingu söluvara sinna á höfuðborgarsvæðinu, en nýtir aðkeypta þjónustu til flutninga á vörum utan þess.

Sjávargrund var stofnuð í október 2017 og var velta félagsins engin á árinu 2017. Einu viðskiptin sem félagið hefur átt aðild að eru kaupin á Tandri sem hér eru til umfjöllunar. Eins og fyrr segir er Sjávargrund í eigu Sjávarsýnar (80%) og Svangrundar (20%). Félagið á ekki eignarhluti í öðrum félögum. Sjávarsýn fer með yfirráð félagsins á grundvelli hlutafjáreignar.

Sjávarsýn er í eigu Bjarna Ármannssonar og eru dótturfélög í 100% eigu Sjávarsýnar eftirtalin:

- Gasfélagið ehf. sem flytur inn fjótandi gas og gashylki.
- Ísmar ehf. sem sérhæfir sig í tækjabúnaði til hvers konar landmælinga, vélstýringa og lasertækni.



- Tölvuþjónustan ehf. sem hefur verið afskráð og sameinuð Sjávarsýn en hafði þann tilgang að annast sölu og þjónustu með tölvu- og hugbúnaði, rafræna afritun og hýsing gagna, rekstur fasteigna, lánstarfsemi og aðra skylda starfsemi.

Auk framangreinds fer Sjávarsýn, sameiginlega með Pétri Þór Halldórssyni, með yferráð yfir félögunum S4S ehf. (S4S) og Hliðarspori ehf. (Hliðarspor). S4S er eigandi að öllu hlutafé í Ellingsen ehf. sem annast innflutning og sölu á útivistar- og lífsstílsvörum auk þess að reka nokkrar skóverslanir. Þá felst rekstur Hliðarspors í því að vera leigutaki að verslunarhúsnæði þar sem verslanir í eigu S4S eru staðsettar.

Tekið er fram í samrunatilkynningunni að Sjávarsýn fari ekki með yferráð annarra félaga en hér hefur verið vikið að.

Samrunaaðilar telja að samruninn muni ekki hafa samkeppnisleg áhrif á þá markaði sem þeir starfa á. Um sé að ræða svokallaðan samsteypusamruna (e. *conglomerate merger*). Telja samrunaaðilar því ekki þörf á að skilgreina vöru- og landfræðilega markaði vegna samrunans með nákvæmum hætti þar sem hvorki lárétt né lóðrétt skörun sé á starfsemi þeirra. Hið yfirtekna félag, Tandur, starfar á markaði fyrir innflutning, framleiðslu og sölu á hreinlætisvörum til fyrirtækja og stofnana. Hvorki yfirtökufélagið, Sjávargrund, né félög sem því tengjast starfi á nefndum markaði.

II. Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða verði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Sá samruni sem hér um ræðir felur í sér að Sjávargrund kaupir allt hlutafé í Tandri eins og framar segir. Samrunaaðilar starfa á ótengdum mörkuðum og eykur því enginn samrunaaðila við markaðshlutdeild sína eða styrkir hana í kjölfar samrunans. Þá verður engin breyting við samrunann á fjölda keppinauta eða samþjöppun á hlutaðeigandi mörkuðum málsins. Með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að viðkomandi samruni leiði hvorki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

Að öllu samanlögðu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til, á grundvelli samkeppnislaga, að aðhafast frekar vegna kaupa Sjávargrundar á öllu hlutafé í Tandri.

III.



Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Sjávargrundar ehf. og Tandurs hf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson